

Ed.

62. Frumvarp til laga

[60. mál]

um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að veita iðnaðarráðherra heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. iðnaðarlaga um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra á Íslandi.

Orðalagið, sem lagt er til í frumvarpi þessu, er samhljóða undanþáguákvæði því er var í iðnaðarlögum allt frá árinu 1927 þar til ákvæðið féll úr iðnaðarlögum 1978.

Með orðalaginu „enda standi sérstaklega á“ er fyrst og fremst átt við samstarfsfélög íslenskra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.